

# Sýrena 'Bríet'

## Syringa sp. 'Bríet' [Villosa]

Ætt: Smjörviðarætt – Oleaceae

**Blómsæl og harðger sýrena með laxableik blóm.**

**Lýsing:** Hávaxinn, umfangsmikill runni með **fingerð blöð**, fallega rauðleit þau yngstu. Ungar greinar áberandi rauðbrúnar. **Blómstrar** í júlí laxableikum ilmandi blómum í stórum opnum klösum, blómstilkar áberandi rauðbrúnir. Ein af þremur blómsælustu sýrenum í safni Yndisgróðurs ásamt 'Villa Nova' og 'Hallveigu'. 'Bríet' er stórvöxnust þeirra sýrena sem er í ræktun hérlendis og getur við bestu aðstæður orðið allt að að 4-5 m hár og 3-4 m breiður á löngum tíma. Meðalhæð eftir 5 ár eru 2,5 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum á Reykjum).

**Uppruni:** Er af runna sem stendur fremst í röð sýrena við Bergstaðarstræti 69 í Reykjavík og fluttar voru inn frá Danmörku árið 1963. Hún tilheyrir hópi sumarsýrena [Villosa] og er afkomandi draumsýrenu *Syringa sweginzowii* og óþekkrar tegundar. Þar stendur nú stór og mikill runni sem hefur náð um 5 m hæð. Henni var fyrst, svo vitað sé, fjölgað af ræktunarstöð Reykjavíkurborgar sumarið 1989.



Sýrena 'Bríet' í yndisgarðinum á Blönduósi, sumarið 2015, gróðursett 2009.



Stórir ilmandi blómklasar með laxableik blóm og rauðbrúnir blómstilkar.



Fingerð blöð með rauðleitum blæ gefa sýrenu 'Bríet' skemmtilegt útlit og létt yfirbragð.



Sýrena 'Bríet' í yndisgarðinum að Reykjum sumarið 2013, gróðursett 2008.

Íslenskt yrki, valið sem úrvalsyrki af yrkisnefnd Yndisgróðurs árið 2013. Gefið yrkisheitið 'Bríet' árið 2015 í höfuðið á Bríeti Bjarnhéðinsdóttur.

**Notkun:** Hentar vel sem stakstæður runni eða með öðrum smávaxnari runnum á sólríkum stað. Getur hentað sólmegin í skjólbeltum og trjálundum, eða einn sér til skjólmyndunar og til að hindra sýn inn í garð. Sýrenur henta vel á opnum svæðum og stærri gördum en mætti líka nota sem lítið tré í smáum gördum. Sýrenum ætti að jafnaði ekki að planta þéttara en með 2-3 m millibili og setja jafnvel smávaxnari runna inn á milli.

**Ræktun og harðgeri:** Nægjusamur og harðger runni. Sólelskur en getur þolað léttan skugga en blómstrar þá minna. Þarf vel framræstan frjósaman jarðveg en má ekki standa of þurrt. Er nokkuð vind- og saltþolinn. Þrífst vel víða á landinu, löng og góð reynsla hjá Reykjavíkurborg frá um 1990 sýnir að sýrenan er mjög harðger á svæði A, góð reynsla er af henni í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C. Skjól fyrir norðanátt er þó mikilvægt til að tryggja góða blómgun. Harðger í uppeldi og í útplöntun.

**Umhirða:** Umhirða sýrena er einföld, mestu skiptir að atlæti sé gott í upphafi og hún verði ekki fyrir áfalli við gróðursetningu. Ekki þarf að klippa sýrenur mikið, heldur einungis að grisja innan úr runnum og einstaka sinnum að fjarlægja eldri greinar til endurnýjunar. Sýrenur þola töluverða klippingu en blómstra þá minna fyrsta sumarið á eftir. Stórar sýrenur má stofna upp og grisja til að gera úr lítið tré. Sýrenur þola töluverða klippingu en blómstra þá minna fyrsta sumarið á eftir. Þær þola einnig að vera sagaðar niður í um 20-30 cm til endurnýjunar.

**Óþrif og skaðvaldar:** Sýrenur eru nokkuð lausar við óþrif. Nokkuð ber á því að kettir klóri og nagi börk þeirra jafnvel runnunum til fjörtjóns. Helsta ráðið við þessu er að búa svo um að kettir komist ekki að stofni runnans t.d. með greinum, girðingu eða þéttum lágvöxnum runnum. Vandamál þetta minnkar vanalega þegar runninn hefur myndað greinaþykki við jörðu.

**Fjölgun:** Sýrenum er fjölgað með sumargræðlingum.



*Sýrena 'Bríet' í garði í Reykjavík sumarið 2013 (um 10 ára gamall runni).*